

REGLUGERÐ

um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá
landbúnaði og öðrum atvinnurekstri

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

1. gr.

Markmið.

1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að draga úr og takmarka mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.

1.2 Einnig er það markmið að stuðla að almenntri vatnsvernd.

2. gr.

Gildissvið.

2.1 Reglugerð þessi gildir um notkun áburðar í landbúnaði og köfnunarefnissambanda í öðrum atvinnurekstri, eftirlit með notkun þeirra, mælingar á næringarefnum í umhverfinu, einkum í yfirborðsvatni, skilgreiningu og kortlagningu viðkvæmra vatnasvæða, starfsreglur um góða búskaparhætti o.fl. sem tengist notkun köfnunarefnissambanda í landbúnaði. Reglugerðin gildir um atvinnurekstur hér á landi og í mengunarlögsögunni. Reglugerðin gildir einnig um athafnir einstaklinga eins og við getur átt.

3. gr.

Skilgreiningar.

3.1 *Aðgerðaáætlun* er áætlun um aðgerðir til að hindra eða draga úr mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda.

3.2 *Atvinnurekstur* er hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

3.3 *Áburðargjöf* er dreifing áburðar á yfirborð lands, dæling hans í jarðveg eða þegar hann er lagður undir yfirborð lands eða honum blandað saman við yfirborðslög.

3.4 *Áburður* er efni sem inniheldur köfnunarefnissamband eða köfnunarefnissambönd sem borin eru m.a. á land til þess að auka gróðurvöxt og getur t.d. verið tilbúinn áburður, búfjáráburður, seyra frá fiskeldisstöðvum og hreinsunarstöðvum.

3.5 *Ármynni* eru árósar á mörkum ferskvatns og strandsjávar.

3.6 *Búfjáráburður* *Búfjárskarn* er úrgangur, s.s. skítur, hland og mykja, frá búfjárhaldi.

3.7 *Eftirlitsaðilar* eru viðkomandi heilbrigðisnefnd og Hollustuvernd ríkisins og einnig faggiltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 24. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3.8 *Ferskvatn (ósalt vatn)* er vatn sem hefur lítinn saltstyrk og er yfirleitt hæft til töku og vinnslu sem neysluvatn.

3.9 *Grunnvatn* er vatn í gegnmettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.

3.10 *Köfnunarefnismengun* er bein eða óbein losun á köfnunarefnissamböndum í vatn og vatnasvið þannig að það geti valdið óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun vatns.

3.11 *Köfnunarefnissamband* er efni sem inniheldur köfnunarefni, þó ekki köfnunarefnissameindir í loftkenndu formi.

3.12 *Mengunarvarnaeftirlit* er eftirlit með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðsla um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

3.13 *Næringarefnaauðgun* er röskun á búsvæðum og jafnvægi í vistkerfi vatns sem má rekja til ofauðgunar næringarsalta í vatni, einkum efnasambanda köfnunarefnis og fosförs. Ofauðgun lýsir sér oft sem aukning í frumframleiðni.

3.14 *Strandsjór* er sjór sem nær frá fjöllumörkum og ferskvatnsörkum í vatnsföllum að mengunarlögsögu.

3.15 *Tilbúinn áburður* er verksmiðjuframleiddur áburður.

3.16 *Vatn* er grunnvatn og yfirborðsvatn.

3.17 *Viðkvæm vatnasvæði* eru í reglugerð þessari vatnasvæði sem gætu orðið fyrir áhrifum vegna nítратmengunar sé ekki gripið til verndaraðgerða, sbr. 1. mgr. 9. gr., eða vatnasvæði sem hafa orðið fyrir áhrifum vegna nítратmengunar.

3.18 *Viðtaki* er svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir.

3.19 *Yfirborðsvatn* er kyrrstætt eða rennandi vatn á yfirborði jarðar, straumvötn, stöðuvötn og jöklar, svo og strandsvæði og strandsjór.

II. KAFLI

Umsjón.

4. gr.

Hlutverk Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda.

4.1 Heilbrigðisnefndum, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, og Hollustuvernd ríkisins ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

III. KAFLI

Meginreglur.

5. gr.

Ráðstafanir til að draga úr köfnunarefnismengun.

5.1 Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að draga úr hættu á að vatn mengist og koma í veg fyrir mengun í vatni af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði eða af öðrum orsökum.

5.2 Losun **búfjáráburðar** úrgangs frá búfjárframleiðslu í yfirborðsvatn er óheimil.

5.3 Um losun efna og skólps frá landbúnaði í fráveitur og viðtaka fer samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns.

6. gr.

Söfnun, geymsla og notkun áburðar.

6.1 Taka skal mið af starfsreglum um góða búskaparhætti, sbr. 14. gr., við geymslu og dreifingu tilbúins áburðar.

6.2 Við gripahús, þ.m.t. loðdýra-, svína- og alifuglabú, skulu vera vandaðar og þéttar hauggeymslur. Stærð hauggeymslu þarf að miða við að hægt sé að nýta hauginn sem áburð á skynsamlegan hátt þegar jörðin getur tekið við honum eða taka a. m. k. sex mánaða haug.

6.3 Við staðsetningu og frágang á hauggeymslum skal taka mið af vatnsverndarsvæðum, fjarlægðarmörkum fyrir vatnsból og starfsreglum um góða búskaparhætti, sbr. 14. gr. Að öðru leyti skal farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um gerð og staðsetningu hauggeymslna og áburðargeymslna.

6.4 Taka skal mið af starfsreglum um góða búskaparhætti, sbr. 14. gr., varðandi notkun búfjáráburðar. Magn búfjáráburðar sem dreift er skal taka mið af áburðargildi hans og áburðarþörf gróðurs. Á ógróið land skal miða við venjulega túnskammta, sbr. starfsreglur um góða búskaparhætti.

6.5 Taka skal tillit til nálægrar starfsemi, íbúðarhúsa og orlofshverfa við dreifingu búfjáráburðar m.a. með því að virða hæfileg fjarlægðarmörk og miða við hagstæðar vindáttir við dreifingu.

7. gr.

Starfsleyfis skylda búfjárframleiðsla.

7.1 Í starfsleyfi fyrir starfsleyfis skylda búfjárframleiðslu skulu vera ákvæði um söfnun og geymslu **búfjárskarns** og dreifingu búfjáráburðar sem taki mið af starfsreglum um góða búskaparhætti, sbr. 14. gr. Við það skal miðað að dreifing búfjáráburðar fari að jafnaði fram á tímabilinu 15. mars til 1. nóvember ár hvert og að jafnaði sé ekki dreift á frosna jörð.

7.2 Í umsókn um starfsleyfi fyrir starfsleyfis skylda búfjárframleiðslu geri fyrirtækið grein fyrir söfnun og geymslu **búfjárskarns** og dreifingu búfjáráburðar. Einnig ráðstafanir fyrirtækisins til vatnsverndar og til að draga úr óþægindum m.a. vegna lyktarvandamála vegna geymslu **búfjárskarns** og dreifingar búfjáráburðar. Áætlanir fyrirtækisins taki mið af starfsreglum um góða búskaparhætti, sbr. 14. gr.

7.3 Fyrirtækið geri grein fyrir því landrými sem til ráðstöfunar er til dreifingar búfjáraburðar og hvernig sé tryggður annar fjarvegur til förgunar ef landrými er ekki nægjanlegt fyrir áburðardreifingu þar sem tekið sé mið af starfsreglum um góða búskaparhætti hvað varðar áburðarmagn.

7.4 Með umsókn um starfsleyfi skal einnig skila inn upplýsingum þar sem gerð er grein fyrir magni köfnunarefnis í hverju tonni mykju, gróðurfari á mismunandi dreifingarlandi og upplýsingum um fyrirhugað magn áburðar sem dreifa á á hvert svæði og annað sem máli kann að skipta í ákvörðun um magn til dreifingar.

8. gr.

Mælingar á nitrati o.fl.

8.1 Heilbrigðisnefndir skulu láta mæla nitrátstyrk í ferskvatni sem nýtt er sem neysluvatn. Hollustuvernd ríkisins skal sjá um að vöktun sé framkvæmd sem hér segir:

1. mæla nitrátstyrk a.m.k. mánaðarlega í eitt ár á völdum sýnatökustöðum í yfirborðsvatni sem nýtt er sem neysluvatn, sbr. reglugerð nr. 319/1995 um neysluvatn og/eða á öðrum sýnatökustöðum sem eru dæmigerðir fyrir yfirborðsvatn. Ef nauðsynlegt reynist, t.d. vegna flóða, ber að mæla nitrátstyrk oftar.

2. mæla reglulega í eitt ár á völdum sýnatökustöðum í grunnvatni sem er dæmigert fyrir vatnafar svæðisins. Leggja skal áherslu á vatn sem nýtt er sem neysluvatn, sbr. tilvitnaða reglugerð.

8.2 Endurtaka skal mælingar á nitrátstyrk samkvæmt 1. mgr. á a.m.k. fjögurra ára fresti nema á sýnatökustöðum þar sem styrkurinn í öllum eldri sýnum reyndist vera undir 25 mg/l enda hafi ekkert komið í ljós sem bendir til þess að nitrátmagn muni aukast og er þá nóg að endurtaka mælinguna á átta ára fresti.

8.3 Hollustuvernd ríkisins sér um að mælingar á vatnsgæðum m.t.t. næringarástands í fersku yfirborðsvatni, vatni í ármynnum og í strandsjó séu framkvæmdar fjórða hvert ár.

8.4 Nota skal mælingaraðferðir sem mælt er fyrir um í IV. viðauka með reglugerðinni.

9. gr.

Skilgreining og kortlagning vatnasvæða.

9.1 Viðkomandi heilbrigðisnefnd skilgreinir og kortleggur sérstaklega vatnasvæði sem talin eru viðkvæm og hafa lítið viðnám gegn köfnunarefnismengun, eru menguð eða gætu mengast af völdum köfnunarefnis, sbr. viðmiðanir í I. viðauka, ef ekki er gripið til sérstakra aðgerða til verndar.

9.2 Viðkomandi heilbrigðisnefnd sendir Hollustuvernd ríkisins yfirlit og kort yfir vatnasvæði samkvæmt 1. mgr. Stofnunin metur í ljósi aðsendra upplýsinga hvort um viðkvæmt vatnasvæði er að ræða og gefur út lista yfir þau. Viðkvæm vatnasvæði skal tilgreina í skipulagsáætlunum. Við gæðaflokkun og kortlagningu skal fara eftir ákvæðum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns eftir því sem við á.

9.3 Við gerð skipulagsáætlana skal byggja á gögnum heilbrigðisnefndar og lista, sbr. 1. og 2. mgr., og skal Hollustuvernd ríkisins kynna hlutaðeigandi sveitarfélögum, landbúnaðarráðuneyti og Skipulagsstofnun efni listans.

9.4 Hafi aðgerðaáætlun, sbr. 4. kafla, verið samin fyrir allt landið og sé unnið samkvæmt henni er ekki nauðsynlegt að kortleggja tiltekin viðkvæm vatnasvæði samkvæmt þessari reglugerð.

10. gr.

Endurskoðun skilgreininga.

10.1 Eigi sjaldnar en fjórða hvert ár skal heilbrigðisnefnd endurskoða skilgreiningar og kortlagningar samkvæmt 9. gr. með tilliti til breyttra aðstæðna.

10.2 Í kjölfar endurskoðunar heilbrigðisnefndar endurskoðar Hollustuvernd ríkisins lista yfir viðkvæm vatnasvæði, sbr. 9. gr.

IV. KAFLI

Aðgerðaáætlanir.

11. gr.

Almennar reglur.

11.1 Hollustuvernd ríkisins skal í samráði við heilbrigðisnefndir semja aðgerðaáætlun eða aðgerðaáætlanir vegna viðkvæmra vatnasvæða sem hafa verið kortlögð, sbr. 9. gr. Heimilt er að semja aðgerðaáætlun fyrir landið allt, fyrir tiltekin viðkvæm vatnasvæði eða hluta þeirra.

11.2 Aðgerðaáætlun tekur mið af tiltækum vísindagögnum, upplýsingum og tækni, einkum um magn köfnunarefnis frá landbúnaði eða frá öðrum upptökum og umhverfisaðstæðum á viðkomandi svæðum.

11.3 Stofnuninni er heimilt að óska eftir tilteknum upplýsingum og gögnum frá heilbrigðisnefndum ef nauðsynlegt reynist til þess að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til efnis áætlunarinnar.

11.4 Aðgerðaáætlanir byggjast á ákvæðum þessarar og annarra reglugerða um vatnsvernd og skilyrðum viðkomandi heilbrigðisnefndar og Hollustuverndar ríkisins.

11.5 Aðgerðaáætlanir og viðbótarráðstafanir skal endurskoða á a.m.k. fjögurra ára fresti.

12. gr.

Efni, birting og framkvæmd aðgerðaáætlana.

12.1 Í aðgerðaáætlunum skulu vera bindandi ráðstafanir í samræmi við III. viðauka reglugerðarinnar og í samræmi við starfsreglur um góða búskaparhætti í samræmi við II. viðauka reglugerðarinnar.

12.2 Ráðherra skal birta aðgerðaáætlanir sem auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda og skal þeim hrundið í framkvæmd innan fjögurra ára frá birtingu.

13. gr.

Viðbótarráðstafanir.

13.1 Nú er fyrirjáanlegt að ráðstafanir í samræmi við reglugerðina duga ekki til þess að ná markmiðum hennar og skal þá innan marka aðgerðaáætlana gera þær viðbótarráðstafanir og aðgerðir sem nauðsynlegar eru. Við ákvörðun viðbótarráðstafana skal hafa hliðsjón af fyrirjáanlegum árangri og kostnaði miðað við aðrar mögulegar verndaraðgerðir.

V. KAFLI

Góðir búskaparhættir.

14. gr.

Starfsreglur.

14.1 Til að stuðla að vernd vatns gegn köfnunarefnismengun af völdum notkunar áburðar í landbúnaði gefur Hollustuvernd ríkisins út starfsreglur um góða búskaparhætti í samráði við landbúnaðarráðuneyti og viðkomandi stofnanir þess.

14.2 Í starfsreglunum skulu vera a. m. k. ákvæði um þau atriði sem tilgreind eru í II. viðauka A með reglugerð þessari. Hollustuvernd ríkisins skal í samráði við landbúnaðarráðuneyti koma starfsreglunum á framfæri við bændur.

14.3 Ef þörf er á skal Hollustuvernd ríkisins í samráði við Bændasamtök Íslands og landbúnaðarráðuneyti setja upp áætlun um þjálfun og upplýsingar til bænda til að hvetja til að farið verði eftir starfsreglum um góða búskaparhætti.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Rannsóknaráætlanir.

15.1 Hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd í samráði við Hollustuvernd ríkisins metur árangurinn af aðgerðaáætlun fyrir viðkvæm vatnasvæði samkvæmt reglugerðinni og semur rannsóknaráætlun ef þörf er á.

15.2 Viðkomandi heilbrigðisnefnd ber ábyrgð á framkvæmd mælinga samkvæmt rannsóknaráætlun, sbr. 1. mgr., og ber m.a. að mæla styrk næringarefna í yfirborðsvatni og níturat í grunnvatni og sendir upplýsingar til Hollustuverndar ríkisins.

16. gr.

Leiðbeiningar vegna mengunarvarnaeftirlits.

16.1 Hollustuvernd ríkisins í samráði við heilbrigðisnefndir skal semja sérstakar leiðbeiningar um mengunarvarnaeftirlit samkvæmt reglugerð þessari.

17. gr.

Yfirlitsskýrsla.

17.1 Hollustuvernd ríkisins gefur á fjögurra ára fresti út yfirlitsskýrslu samkvæmt V. viðauka um stöðu og ástand mála hvað næringarefnaauðgun í fersku vatni, ármynni, strandsjó og strandsvæði varðar.

VII. KAFLI

Aðgangur að upplýsingum, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.

18. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

18.1 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

19. gr.

Þagnarskylda eftirlitsaðila.

19.1 Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

19.2 Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

20. gr.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

20.1 Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunavarnaftirlit þegar við á. Annars gilda ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

21. gr.

Viðurlög.

21.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

21.2 Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

VIII. KAFLI

Lagastoð, gildistaka o.fl.

22. gr.

22.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkvæmt 9. gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar. Jafnframt er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998.

22.2 Reglugerðin er einnig sett með hliðsjón af 13. tölul. a XX. viðauka EES-samningsins, (tilskipun 91/676/EEB).

22.3 Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 6. gr. skal innan 10 ára frá gildistöku reglugerðar þessarar koma upp hauggeymslum af réttri stærð á búum þar sem slíkar hauggeymslur eru ekki til við gildistöku þessarar reglugerðar.

Umhverfisstofnun, 29. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

I. VIÐAUKI

I. VIÐAUKI

Viðmiðanir sem nota skal við tilgreiningu og kortlagningu samkvæmt 9. gr. reglugerðarinnar.

A. Vötn samkvæmt 9. gr. skulu kortlögð m.a. með eftirfarandi viðmiðanir í huga:

1. hvort ferskt yfirborðsvatn, einkum það sem er notað til að taka neysluvatn, inniheldur eða kann að innihalda meiri níturstyrk en 25 mg/l, ef aðgerðir samkvæmt IV. kafla reglugerðarinnar eru ekki viðhafðar,
2. hvort grunnvatn inniheldur meira en 25 mg/l eða kann að innihalda meira en 25 mg/l níturstyrk ef aðgerðir samkvæmt IV. kafla reglugerðarinnar eru ekki viðhafðar,
3. hvort náttúrleg stöðuvötn, annað ferskvatn, ármynni, strandsjór og höf eru ofnærð eða kunna brátt að verða það ef aðgerðir samkvæmt IV. kafla eru ekki viðhafðar.

B. Einnig skal hafa hliðsjón af:

1. sérstökum staðhættum og umhverfisþáttum á viðkomandi land- eða vatnasvæði,
2. nýjustu vitneskju um hegðun köfnunarefnissambanda í umhverfinu (vatni og jarðvegi);
3. nýjustu vitneskju um áhrif aðgerða samkvæmt IV. kafla.

II. VIÐAUKI Starfsreglur um góða búskaparhætti.

A. Í starfsreglum um góða búskaparhætti sem hafa að markmiði að draga úr níturstmengun og þar sem tekið er tillit til ólíkra aðstæðna hér á landi þurfa að vera ákvæði um eftirfarandi atriði eins og við á hverju sinni:

1. tímabil þegar áburðargjöf er óheppileg,
2. áburðargjöf í brattlendi,
3. áburðargjöf í gegnblautan jarðveg, land undir vatni, jarðveg sem klaki er í eða á kafi í snjó,
4. skilyrði fyrir áburðargjöf nálægt vatnsrásum,
5. stærð og gerð geymslurýmis undir búfjáráburð, þ.m.t. ráðstafanir til að koma í veg fyrir að grunnvatn og yfirborðsvatn mengist vegna afrennslis frá t.d. fjóshaugum eða frá súrheysgeymslum,
6. vinnubrögð, þ.m.t. tíðni og magn við áburðargjöf, hvort heldur um er að ræða tilbúinn áburð eða búfjáráburð þannig að næringartap í vatn haldist á viðunandi stigi.

B. Einnig er heimilt að taka eftirtalin atriði upp í starfsreglur um góða búskaparhætti:

7. skipulag landnýtingar, m.a. ákvörðun um sáðskipti og um skiptingu lands undir fjölæra eða einæra ræktun,
8. viðhald lágmarksgróðurþekju á tíma er tekur upp köfnunarefni úr jarðveginum sem ella ylli níturstmengun vatns,
9. gerð áætlana um áburðargjöf fyrir býli og skýrsluhald um áburðarnotkun,
10. ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun vatns vegna yfirborðsafrennslis og rennslis neðan yfirborðs dýpra en rætur gróðursins ná þar sem notuð eru áveitukerfi.

II. VIÐAUKI

Starfsreglur um góða búskaparhætti.

A. Í starfsreglum um góða búskaparhætti sem hafa að markmiði að draga úr níturstmengun og þar sem tekið er tillit til ólíkra aðstæðna hér á landi þurfa að vera ákvæði um eftirfarandi atriði eins og við á hverju sinni:

1. tímabil þegar áburðargjöf er óheppileg,
2. áburðargjöf í brattlendi,
3. áburðargjöf í gegnblautan jarðveg, land undir vatni, jarðveg sem klaki er í eða á kafi í snjó,
4. skilyrði fyrir áburðargjöf nálægt vatnsrásum,
5. stærð og gerð geymslurýmis undir búfjáráburð, þ.m.t. ráðstafanir til að koma í veg fyrir að grunnvatn og yfirborðsvatn mengist vegna afrennslis frá t.d. fjóshaugum eða frá súrheysgeymslum,
6. vinnubrögð, þ.m.t. tíðni og magn við áburðargjöf, hvort heldur um er að ræða tilbúinn áburð eða búfjáráburð þannig að næringartap í vatn haldist á viðunandi stigi.

B. Einnig er heimilt að taka eftirtalin atriði upp í starfsreglur um góða búskaparhætti:

7. skipulag landnýtingar, m.a. ákvörðun um sáðskipti og um skiptingu lands undir fjölæra eða einæra ræktun,
8. viðhald lágmarksgróðurþekju á tíma er tekur upp köfnunarefni úr jarðveginum sem ella ylli níturstmengun vatns,
9. gerð áætlana um áburðargjöf fyrir býli og skýrsluhald um áburðarnotkun,

10. ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun vatns vegna yfirborðsafrennslis og rennslis neðan yfirborðs dýpra en rætur gróðursins ná þar sem notuð eru áveitukerfi.

III. VIÐAUKI

Ráðstafanir sem skal gera í aðgerðaáætlunumsamkvæmt IV. kafla reglugerðarinnar.

1. Í aðgerðaáætluninum skal gera ráðstafanir og setja reglur um:

1. árstíma þar sem áburðargjöf skuli bönnuð,
2. stærð geymslurýmis undir búfjáráburð búfjárskarn. Rýmið þarf að taka meira rúmmál en safnast fyrir á lengsta tímabilinu sem áburðargjöf er bönnuð. Þetta gildir á svæðum sem hafa lítið viðnám gegn mengun, nema hægt sé að sýna eftirlitsaðilum fram á að magni umfram geymslugetu verði fargað á þann hátt að umhverfið spillist ekki; .

3. takmörkun á áburðargjöf í samræmi við góða búskaparhætti og að tekið sé tillit til aðstæðna á svæðum sem hafa lítið viðnám gegn mengun, einkum hvað varðar:

- a) jarðvegsskilyrði, gerð jarðvegs og halla,
 - b) veðurskilyrði, úrkomu og áveitu,
 - c) landnotkun og ræktunaraðferðir, m.a. sáðskipti,
- og byggjast á jafnvægi milli:

- i) ætlaðrar köfnunarefnisþarfar gróðursins,
- og

- ii) köfnunarefnis úr jarðvegi og áburði sem svarar til:

- magns köfnunarefnis í jarðveginum þegar gróðurinn byrjar að taka það til sín að marki (afgangsmagn í lok vetrar),

- köfnunarefnisbirgða sem verða aðgengilegar við nettólosun jóna við rotnun leifa af lífrænu köfnunarefni í jarðveginum,

- birgða af köfnunarefnissamböndum úr búfjáráburði,
- birgða af köfnunarefnissamböndum úr tilbúnum áburði.

2. Þessar ráðstafanir eiga að tryggja að búfjáráburður sem borinn er á land á hverju býli árlega, þar á meðal af dýrunum sjálfum, fari ekki yfir tiltekið magn á hektara.

Tiltekið magn af búfjáráburði á hektara skal innihalda meira en 170 kg N. Þó er heimilt:

- a) í fyrstu fjögurra ára áætluninni má leyfa allt að 210 kg N í áburðinum,

b) við og eftir fyrstu fjögur ár aðgerðaáætlunar má ákveða annað magn en greinir hér að framan. Ákvörðun um magn skal vera með þeim hætti að hún hindri ekki framgang markmiðanna í 1. gr. reglugerðarinnar og hún verður að vera studd gildum rökum, t.d.:

- langt vaxtarskeið,
- gróðurinn tekur upp mikið köfnunarefni,
- mikil bein úrkoma á viðkvæmu svæði,
- jarðvegur með óvenjumikla afnitrun.

3. Heimilt er að miða magnið sem um getur í 2. lið við fjölda dýra.

IV. VIÐAUKI

IV. VIÐAUKI

Mælingaraðferðir.

Tilbúinn áburður

Köfnunarefnissambönd skulu mæld með aðferðinni sem er lýst í tilskipun framkvæmdastjórnar EB 77/535/EBE frá 22. júní 1977 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um aðferðir við sýnatöku úr og greiningu á tilbúnum áburði, eins og henni var breytt með tilskipun 89/519/EBE.

Ferskvatn, strandsjór og höf

Nítratstyrkur skal mældur í samræmi við 3. lið 4. gr. a í ákvörðun ráðs EB 77/795/EBE frá 12. desember 1977 um að taka upp sameiginlega aðferð við skipti á upplýsingum um gæði ósalts yfirborðsvatns í bandalaginu, eins og henni var breytt með ákvörðun 86/574/EBE.

V. VIÐAUKI

V. VIÐAUKI

Upplýsingar sem skulu vera í skýrslunum samkvæmt 17. gr. reglugerðarinnar.

1. Lýsing á þeim forvarnaraðgerðum sem eru gerðar á grundvelli reglugerðarinnar.

2. Kort sem sýnir eftirfarandi:

a) Vatn tilgreint í samræmi við 9. gr. reglugerðarinnar og I. viðauka með upplýsingum um það á hverju vatnasvæði hvaða viðmiðanir í I. viðauka voru notaðar við tilgreininguna,

b) hvar svæði sem hafa lítið viðnám gegn mengun liggja og skal gera greinarmun á því hvort svæði hefur áður verið kortlagt eða er nýkortlagt.

3. Ágrip af niðurstöðum eftirlitsins samkvæmt 8. gr. með greinargerð um ástæður fyrir vali hvers svæðis og um breytingar eða viðbætur við tilgreiningu svæða sem hafa lítið viðnám gegn mengun.

4. Ágrip af aðgerðaáætlunum sem eru gerðar samkvæmt IV. kafla reglugerðarinnar einkum:

a) tilskildar ráðstafanir samkvæmt 9. og 10. gr. reglugerðarinnar,

b) tilskildar upplýsingar samkvæmt 4. lið III. viðauka,

c) viðbóttarráðstafanir og hertar aðgerðir samkvæmt 12. gr. reglugerðarinnar,

d) ágrip af niðurstöðum eftirlitsáætlana samkvæmt 15. gr. reglugerðarinnar,

e) mat á því hvenær líklegt er að vatn sem er tilgreint í samræmi við 9. gr. reglugerðarinnar uppfylli markmið aðgerðaáætlunar með upplýsingum um það hversu áreiðanlegt matið er.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.